

## 48. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund mánudaginn 14. júlí 2003 kl. 18:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mættir voru: Gretar D. Pálsson  
Dagný Þórisdóttir  
Guðmundur Kristinsson  
Kristján Gunnlaugsson  
Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri  
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður Gretar D. Pálsson setti fund og stýrði.

1. Hjallatangi 14, nýbygging.  
*Þorsteinn Jónsson kt. 090266-3499 leggur fram teikningar nýbyggingu. Teikning frá Kvarða, stærð 186,0 m<sup>2</sup> Gatnagerðargjöld kr. 1.180.407. Erindið samþykkt samhljóða.*
2. Silfurgata 1, umsókn um bílastæði.  
*Davíð Sveinsson óskar eftir leyfi til að gera bílastæði inni á lóð. Erindið samþykkt. Leyfisgjald kr. 2.500.*
3. Skólastígur 8, fyrirhugaðar framkvæmdir.  
*Lagðar fram teikningar Jóns Nordsteien, arkitekts. Vísað í bréf dags. 19.6. sl. Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald kr. 2.500.*
4. Smiðjustígur 6, fyrirhugaðar viðgerðir.  
*Tekið fyrir erindi Jóns Nordsteien um Smiðjustíg 6, vísað í bréf dags. 3.7. sl. Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald kr. 2.500.*
5. Deiliskipulag.  
*Lögð var fram tillaga Bærings B. Jónssonar um deiliskipulag við Borgarbraut/Laufásveg og hún kynnt. Umræða fór fram um tillöguna. Umræða fór fram um staðsetningu á leikskóla.*
6. Nesvegur 9, staðsetning á 20" gámi.  
*Birgir Jónsson óskar eftir leyfi til að setja niður 20" gám við Nesveg 9. Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald kr. 2.500. Gretar D. Pálsson situr hjá við atkvæðagreiðslu.*
7. Önnur mál.
- 7.1. Umsókn um byggingarland fyrir sumarhús, erindi vísað frá bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.  
*Nefndin tekur vel í erindið og byggingarfulltrúa falið að kynna umsækjendum fyrirhugað land undir frístundabyggð samkvæmt aðalskipulagi.*

- 7.2. Silfurgata 5.  
*Ægir Breiðfjörð sækir um leyfi til að setja bílastæði inn á lóð. Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald kr. 2.500.*
- 7.3. Kynnt beiðni Hannesar Gunnarssonar um byggingu á nýju fjárhúsi.  
*Afgreiðslu frestað.*
- 7.4. Tjarnarás 5.  
*Þórarinn Sighvatsson sækir um leyfi til að jafna lóð sína. Erindið samþykkt. Leyfisgjald kr. 2.500.*
- 7.5. Laufásvegur 16.  
*Gissur Tryggvason sækir um leyfi til að byggja sólpall. Erindið samþykkt samhljóða.*
- 7.6. Skólastígur 16.  
*Svanlaugur Lárusson sækir um leyfi til að byggja sólpall. Erindið samþykkt samhljóða.*
- 7.7. Ægisgata 8.  
*Guðbrandur Björgvinsson sækir um leyfi til að byggja sólpall. Erindið samþykkt samhljóða.*
- 7.8. Hjallatangi 8.  
*Björgvin Guðmundsson sækir um leyfi til að byggja sólpall. Erindið samþykkt samhljóða.*
- 7.9. Silfurgata 10.  
*Daði Jóhannsson sækir um leyfi til að byggja sólpall og skjólvegg. Erindið samþykkt samhljóða.*
- 7.10. Garðaflöt 5.  
*Guðjón Hjaltalín sækir um leyfi til að byggja sólpall. Erindið samþykkt samhljóða.*
- 7.11. Hjallatangi 6.  
*Pálmi Ólafsson sækir um leyfi til að byggja sólpall. Erindið samþykkt samhljóða.*
- 7.12. Silfurgata 35.  
*Þorsteinn Sigurðsson sækir um leyfi til að byggja sólpall. Erindið samþykkt samhljóða.*
- 7.13. Víkurgata 7.  
*Hafdís Björgvinsdóttir sækir um leyfi til að byggja sólpall. Erindið samþykkt samhljóða.*
- 7.14. Nestún 7.  
*Hermundur Pálsson sækir um leyfi til að ganga frá lóð. Erindið samþykkt samhljóða.*

- 7.15. Lágholt 15.  
Petrína Bjartmars sækir um leyfi til að klæða hús sitt og skipta um glugga.  
*Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald kr. 2.500.*
- 7.16. Austurgata 3.  
Sigurður Ág. Kristjánsson sækir um leyfi til að klæða húsið með bárujárnri.  
*Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald kr. 2.500.*
- 7.17. Árnatún 3.  
Steingrímur Kristjánsson sækir um leyfi til að staðsetja gám á lóð og klæða með bárujárnri.  
*Erindinu hafnað.*
- 7.18. Höfðagata 7.  
Helgi Haraldsson sækir um leyfi til að stækka hús sitt og klæða.  
*Erindið samþykkt samhljóða.*
- 7.19. Kynnt bréf bæjarráðs varðandi bréf Emils Þ. Guðbjörnssonar og Þorbergs Bæringssonar.
- 7.20. Lagðar fram teikningar af tjaldsvæði í Stykkishólmi frá teiknistofunni Eik.
- 7.21. Slökkviliðsstjóri kom með ábendingu frá Brunamálastofnun um að Canxel klæðningarefni væri ósamþykkt efni.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.  
Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:50.

Gretar D. Pálsson (sign.),  
Þorbergur Bæringsson (sign.),  
Kristján Gunnlaugsson (sign.),  
Dagný Þórisdóttir (sign.),  
Guðmundur Kristinsson (sign.),  
Sveinn Björnsson (sign.).

Íhs.